



UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR

STOFNAÐ 26 APRÍL 1912

Formannafundur UMSB

11. júní 2020

Hjálmakletti

Fundagerð formannafundar

1. Bragi bauð fólk velkomið. Hann fór yfir stöðuna vegna Landsmóts UMFÍ 50+. Ákveðið var að fresta mótinu vegna covid. Ákvörðun var tekin fyrir hjá landsmótsnefnd UMFÍ 50+ að festa mótinu. Sú ákvörðun var kynnt fyrir landsmótsnefnd UMFÍ sem kynnt niðurstöðu til stjórnar UMFÍ.
Félögum var þakkað fyrir það sem þau lögðu að marki í tengslum við covid-19 og það framlag sem þau lögðu fram.
Félög eru hvött til að taka þátt í Unglingalandsmóti sem fyrirhugað er að halda á Selfossi.
2. Silja Eyrún Steingrímsdóttir formaður vinnuhóps um uppbyggingu íþróttamannvirkja í Borgarnesi. Silja fór yfir stöðu mála á verkefninu. Búið er að gera prufuholur á nokkrum stöðum í kringum núverandi íþróttamiðstöð. Verið er að vinna í því að finna staðsetningu fyrir hús. Töluverð umræða skapaðist varðandi uppbyggingu og forgangsröðun á húsi. Einnig var skapaðist umræða varðandi aðra aðstöðu hjá félögum. Formenn töluðu um mikilvægi þess að uppbygging verði sem allra fyrst.
3. Formenn fóru yfir stöðuna hjá sínum félögum. Félög sem voru með æfingar felldu niður allar æfingar hjá sér þegar covid var sem mest enda bannað að vera með æfingar. Félögunum bent á að sækja um sértæka styrki hjá ÍSÍ og nýta þá hjálp sem í boði er. Félög þakka UMSB fyrir framlag UMSB á tímum covid.